

AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

I. KAFLI

Um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda eða sölugjalds af efnivörum, vélum, tækjum, vélahlutum og varahlutum.

Niðurfelling gjalda.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á toll, vörugjald, jöfnunargjald eða sölugjald af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987:

1404.9001	5911.3200	7415.3100	8413.2000	8422.1900	8440.1000
3917.2100	5911.4000	7415.3200	8413.5000	8422.2000	8440.9000
3917.2200	5911.9000	7415.3900	8413.6000	8422.3000	8441.1000
3917.2300	6804.1000	7416.0000	8413.7000	8422.4000	8441.2000
3917.2900	6804.2100	7419.1009	8413.8100	8422.9000	8441.3000
3917.3100	6804.2200	7419.9901	8413.8200	8423.2000	8441.4000
3917.3200	6804.2300	7616.1000	8413.9100	8423.3000	8441.8000
3917.3300	6804.3000	7616.9002	8413.9200	8423.8100	8441.9000
3917.4000	6805.1000	8202.2000	8414.1000	8423.8200	8442.1000
3926.9014	6805.2000	8202.3100	8414.2000	8423.8900	8442.2000
3926.9015	6805.3000	8202.3200	8414.3000	8423.9000	8442.3000
4009.1000	6809.9002	8202.4000	8414.5109	8424.2000	8442.4000
4009.2001	6812.7000	8202.9100	8414.5905	8424.3000	8442.5000
4009.2009	6812.9001	8202.9900	8414.6009	8424.8900	8443.1100
4009.3001	6815.1001	8207.2000	8414.8009	8424.9000	8443.1200
4009.3009	6815.1002	8207.3000	8414.9000	8425.1100	8443.1900
4009.4000	6815.9102	8207.4000	8416.1001	8425.1900	8443.2100
4009.5000	6815.9902	8207.5000	8417.1000	8425.3100	8443.2900
4010.1000	7019.3903	8207.6000	8417.2000	8425.3900	8443.3000
4010.9100	7019.9002	8207.7000	8417.8000	8425.4200	8443.4000
4010.9900	7314.1100	8207.8000	8417.9000	8425.4900	8443.5000
4016.1001	7314.1900	8207.9000	8418.1009	8428.1000	8443.6000
4016.1002	7315.1100	8208.1000	8418.3009	8428.2000	8443.9000
4016.9300	7315.1200	8208.2000	8418.4009	8428.3200	8444.0000
4016.9911	7315.1900	8208.3000	8418.6109	8428.3300	8445.1100
4204.0000	7318.1100	8208.9000	8418.6909	8428.3900	8445.1200
4421.9012	7318.1200	8209.0000	8418.9900	8437.1000	8445.1300
4421.9013	7318.1300	8302.2000	8419.3200	8437.8000	8445.1900
4504.1001	7318.1400	8307.1000	8419.3900	8437.9000	8445.2000
4504.9002	7318.1500	8307.9000	8419.4000	8438.1000	8445.3000
4812.0000	7318.1600	8402.1100	8419.5000	8438.2000	8445.4000
4822.1000	7318.1900	8402.1200	8419.6000	8438.3000	8445.9000
4822.9000	7318.2100	8402.1900	8419.8909	8438.4000	8446.1000
4823.2000	7318.2200	8402.2000	8420.1000	8438.6000	8446.2100
4823.3000	7318.2300	8404.1009	8420.9100	8438.8000	8446.2900
4823.7001	7318.2400	8404.2000	8420.9900	8438.9000	8446.3000
4823.9001	7318.2900	8404.9009	8421.1900	8439.1000	8447.1100
4823.9003	7320.2009	8405.1000	8421.2100	8439.2000	8447.1200
5910.0000	7320.9009	8405.9000	8421.2200	8439.3000	8447.2000
5911.1000	7326.9001	8406.1900	8421.2900	8439.9100	8447.9000
5911.2000	7415.2100	8406.9000	8421.3909	8439.9900	8448.1100
5911.3100	7415.2900	8413.1900	8421.9900		8448.1900

8448.2000	8459.6100	8467.1100	8483.4000	8516.8009	8542.9000
8448.3100	8459.6900	8467.1900	8483.5000	8516.9000	8543.3000
8448.3200	8459.7000	8467.8100	8483.6000	8519.9901	8543.8009
8448.3300	8460.1100	8467.8900	8483.9000	8520.9001	8543.9009
8448.3900	8460.1900	8467.9100	8484.1000	8522.9000	8547.1000
8448.4100	8460.2100	8467.9200	8484.9000	8532.1000	8547.2000
8448.4200	8460.2900	8467.9900	8485.9000	8532.2100	8547.9000
8448.4900	8460.3100	8468.1000	8501.1000	8532.2200	8548.0000
8448.5100	8460.3900	8468.2000	8501.2000	8532.2300	8716.8009 ¹⁾
8448.5900	8460.4000	8468.8000	8501.3100	8532.2400	9001.2000
8449.0000	8460.9000	8468.9000	8501.3200	8532.2500	9001.9000
8451.2900	8461.1000	8474.1000	8501.3300	8532.2900	9002.1100
8451.3009	8461.2000	8474.2000	8501.3400	8532.3000	9002.1909
8451.4000	8461.3000	8474.3100	8501.4000	8532.9000	9002.2000
8451.5000	8461.4000	8474.3200	8501.5100	8533.1000	9002.9000
8451.8000	8461.5000	8474.3900	8501.5200	8533.2100	9006.1000
8451.9000	8461.9000	8474.8000	8501.5300	8533.2900	9007.1900
8452.2100	8462.1000	8474.9000	8501.6100	8533.3100	9007.2900
8452.2900	8462.2100	8475.1000	8501.6200	8533.3900	9007.9100
8452.3000	8462.2900	8475.2000	8501.6300	8533.4000	9007.9200
8452.4000	8462.3100	8475.9000	8501.6400	8533.9000	9008.4000
8452.9000	8462.3900	8477.1000	8502.4001	8534.0000	9008.9000
8453.1000	8462.4100	8477.2000	8502.4009	8536.2000	9010.1000
8453.2000	8462.4900	8477.3000	8503.0000	8536.3000	9010.2000
8453.8000	8462.9100	8477.4000	8504.1000	8536.4100	9010.9000
8453.9000	8462.9900	8477.5100	8504.2100	8536.4900	9026.1000
8454.1000	8463.1000	8477.5900	8504.3100	8536.5000	9026.2000
8454.2000	8463.2000	8477.8000	8504.3200	8536.6100	9026.8000
8454.3000	8463.3000	8477.9000	8504.3300	8536.6900	9026.9000
8454.9000	8463.9000	8479.2000	8504.3400	8536.9000	9026.1000
8455.1000	8464.1000	8479.3000	8504.4000	8537.1000	9027.2000
8455.2100	8464.2000	8479.4000	8504.5000	8537.2000	9027.3000
8455.2200	8464.9000	8479.8100	8504.9000	8538.1000	9027.4000
8455.3000	8465.1001	8479.8200	8505.1100	8538.9000	9027.5000
8455.9000	8465.1009	8479.8909	8505.1900	8539.4000	9027.8000
8456.1001	8465.9101	8479.9000	8505.2000	8539.9000	9027.9000
8456.1009	8465.9109	8480.1000	8505.3000	8540.3000	9028.1000
8456.2000	8465.9201	8480.2000	8505.9000	8540.4100	9028.2000
8456.3000	8465.9209	8480.3000	8514.1000	8540.4200	9028.9000
8456.9001	8465.9301	8480.4100	8514.2000	8540.4900	9029.1000
8456.9009	8465.9309	8480.4900	8514.3000	8540.8100	9029.2000
8457.1000	8465.9401	8480.5000	8514.4000	8540.8900	9029.9000
8457.2000	8465.9409	8480.6000	8514.9000	8540.9100	9031.1000
8457.3000	8465.9501	8480.7100	8515.1100	8540.9900	9031.2000
8458.1100	8465.9509	8480.7900	8515.1900	8541.1000	9031.4000
8458.1900	8465.9601	8482.1000	8515.2100	8541.2100	9031.8000
8458.9100	8465.9609	8482.2000	8515.2900	8541.2900	9031.9000
8458.9900	8465.9901	8482.3000	8515.3100	8541.3000	9032.1000
8459.1000	8465.9909	8482.4000	8515.3900	8541.4000	9032.2000
8459.2100	8466.1000	8482.5000	8515.8001	8541.5000	9032.8100
8459.2900	8466.2000	8482.8000	8515.8002	8541.6000	9032.8900
8459.3100	8466.3000	8482.9100	8515.8003	8541.9000	9032.9000
8459.3900	8466.9100	8482.9900	8515.8009	8542.1100	9033.0000
8459.4000	8466.9200	8483.1000	8515.9000	8542.1900	9107.0000
8459.5100	8466.9300	8483.2000	8516.4001	8542.2000	9603.5000
8459.5900	8466.9400	8483.3000	8516.8001	8542.8000	9611.0000

1) Rekklar á hjólum til iðnaðarnota

Eftirtalið fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver auk þess sem upp er talið í A-lið þessarar greinar:

8518.1000	8518.5000	8520.3900	8521.9009	8528.2009	8543.8009
8518.2100	8518.9000	8520.9001	8522.1000	8529.1001	8543.9009
8518.2200	8519.4000	8520.9009	8525.3000	8529.1009	8544.2000
8518.2900	8519.9100	8521.1001	8528.1001	8529.9001	8544.4100
8518.3000	8519.9909	8521.1009	8528.1009	8529.9009	8544.5100
8518.4000	8520.3100	8521.9001	8528.2001	8540.2000	

2. gr.

Nú eru vélar, tæki eða vélahlutar, sem falla undir 1. gr. auglýsingar þessarar og notað er við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sent til útlanda til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu og skal þá um tollmeðferð þeirra fara eftir 7. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Verðmæti véla- og varahluta, sem falla undir 1. gr., og send hafa verið utan til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, skal þó alltaf undanþegið gjöldum, enda beri viðgerðarreikningur með sér verðmæti þeirra.

3. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. og 2. gr. tekur einungis til efnivara, véla, tækja, vélahluta og varahluta sem notað er til framleiðslu á iðnaðarvörum í samkeppnisiðnaði, sbr. 10. gr. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi iðnfyrirtækis eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki. Fyrirsvarsmáður iðnfyrirtækis skal, hvort sem það annast innflutning sjálft eða innflutningsfyrirtæki fyrir þess hönd, lýsa því yfir skriflega að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota til aðvinnslu á hráefnum við framleiðslu á nánar tiltekinni iðnaðarvöru í samkeppnisiðnaði.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt auglýsingu þessari verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til að reka iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattyfirvöldum starfsemi sína samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og sýni ef óskað er skírteini frá skattyfirvaldi þess efnis, að viðkomandi hafi með höndum starfsemi sem framleiðandi iðnaðarvara og heimild til að kaupa vörur án söluskatts. Fyrirtæki sem framleiða söluskattsfrjálsa vöru sem telst samkeppnisvara samkvæmt 10. gr. þurfa þó ekki að framvísa skírteini frá skattyfirvaldi.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Ef um er að ræða tæki sem ætlað er til nota á kvikmynda- eða myndbandavinnustofu eða hljóðveri skal raðnúmer (serialnumber) viðkomandi tækis koma fram í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu.

4. gr.

Nú eru vélar, tæki, vélahlutar eða varahlutir, sbr. 1. gr. flutt inn til endursölu, sbr. þó 1. mgr. 3. gr., eða um er að ræða slíka vöru framleidda hér á landi og skulu þá gjöld innheimt að fullu við sölu en endurgreidd eftir á, enda saki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra), að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal borin fram í þríriti á sérstöku eyðublaði sem ríkistollstjóri lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir

hina keyptu vöru sem auk þess að tilgreina tollskrárnúmer viðkomandi vöru beri greinilega með sér hvaða gjöld hafi verið greidd og sundurliðuð upphæð þeirra, eða reikningi fylgi sérstök útskrift frá seljanda er sýni tollskrárnúmer og slíka sundurliðun gjalda. Sé um vöru að ræða sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal í vörureikningi eða nefndri útskrift jafnframt tilgreina tollafgreiðslunúmer viðkomandi vörusendingar. Í umsókn skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

- a. Tollskrárnúmer hvernar vöru og vörulýsingu.
- b. Kaupverð hvernar vöru fyrir sig og upphæð greiddra aðflutningsgjalda, sbr. 1. gr., eða sölugjalds.
- c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
- d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
- e. Yfirlýsingu umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 10. gr. Skal jafnframt tilgreina hvaða framleiðslu fyrirtækið stundar.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um efnivörur sem gjöld eru felld niður af samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanninn innan 12 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 10 000 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

Tollstjórar í hverju umdæmi skulu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

Pó skal seljanda tækja sem um ræðir í 1. gr. heimilt að selja þau án söluskatts sýni kaupandi þeirra fram á að hann hafi fengið gjöld endurgreidd af vélum eða tækjum til framleiðslu sinnar og framvísi jafnframt ljósriti af samþykktri endurgreiðslubeiðni vegna þess. Seljandi skal halda viðskiptum af þessu tagi aðgreindum í bókhaldi sínu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er seljanda vöru þeirrar, sem um ræðir í 1. gr., heimilt að selja hana án söluskatts sýni kaupandi hennar fram á svo óbyggjandi sé að hann hafi áður fengið aðflutningsgjöld og söluskatt af vörum þeim sem hér um ræðir niðurfelld eða endurgreidd á grundvelli auglýsingar þessarar. Næg sönnun í þessu sambandi telst framvísun ljósrits af tollskýrslu eða endurgreiðslubeiðni sem um ræðir í 5. gr. sem ber með sér viðurkenningu tollýfirvalds á því að framleiðsla viðkomandi kaupanda teljist samkeppnisiðnaður samkvæmt 10. gr. auglýsingar þessarar. Seljandi skal halda viðskiptum þessum sérstaklega aðgreindum í bókhaldi sínu þannig að skattýfirvöld geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti sölu án söluskatts á grundvelli ofangreindrar heimildar.

7. gr.

Viðkomandi innheimtumaður skal við endurgreiðslu gjalda halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi töluröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu senda ríkisbókhaldi með mánaðarskilagrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda viðkomandi umsækjanda.

II. KAFLI

Um niðurfellingu aðflutningsgjalda af efni.

8. gr.

Af efnivörum og hlutum sem notað er til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði og fallið geta undir tollskrárnúmer í 1. gr. skal heimilt þegar við tollafgreiðslu að fella niður toll og vörugjald að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Af öðrum efnivörum og hlutum svo og hráefni til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði mun fjármálaráðuneytið fella niður aðflutningsgjöld svo og fella niður eða lækka gjöld af efnivörum í aðrar innlendar iðnaðarvörur, ef gjöld af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Iðnfyrirtæki er framleiða slíkar vörur geta vegna innflutnings á ótollafgreiddum vörum sótt um tollívilnun í skriflegu erindi til fjármálaráðuneytisins, þar sem gerð skal grein fyrir viðkomandi framleiðslu, aðföngum þeim sem óskað er eftir að njóti tollívilnana og þýðingu þeirra fyrir framleiðsluna. Til frekari skýringa skulu fylgja erindinu tæknilegar upplýsingar um vöruna, teikningar, myndir eða sérstök lýsing.

Ráðuneytið mun þó eigi lækka eða fella niður toll af neðangreindu:

- a. Innfluttu efni sem jafnframt er framleitt innanlands og tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna samninga við EFTA og EB. Nú fellur hráefni, efnivara eða hlutar til innlendar framleiðslu undir tollskrárnúmer sem tollar hafa verið felldir niður af vegna samninga við EFTA eða EB, en talið er að innlend framleiðsla sé engin eða óveruleg á slíkum vörum eða vörum með sama notagildi og mun ráðuneytið þá að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið taka sérstaklega til athugunar beiðnir um niðurfellingu gjalda, enda verði beiðnir þar að lútandi studdar fullnægjandi gögnum, m.a. um vægi kostnaðar þeirra í viðkomandi framleiðslu.
- b. Efni sem við aðvinnslu skiptir ekki um tollskrárnúmer samkvæmt tollalögum, þ.e. óveruleg eða einföld aðvinnsla er eigi talin fullnægjandi svo sem sigtun, flokkun, umbúðaskipti, átöppun, ásetning merkimiða og blöndun.

9. gr.

Beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda, þegar við tollafgreiðslu, af einstökum efnissendingum, skal fylgja auk þeirra gagna sem nefnd eru í 1. mgr. 8. gr., aðflutningskýrsla ásamt öllum skjölum sem afhenda ber vegna tollmeðferðar vöru, sbr. 14.—20. gr. tollalaga. Að öðru leyti skal fullnægt skilyrðum 3. gr. auglýsingar þessarar.

Ráðuneytið getur veitt fyrirtækjum heimild til að fá tiltekna efnivöru tollafgreidda án greiðslu aðflutningsgjalda án þess að til ákvörðunar ráðuneytisins komi hverju sinni. Óski fyrirtæki slíkrar heimildar skal þess getið sérstaklega í erindi þess. Teljast gögn þau sem nefnd eru í 1. mgr. 8. gr. fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Ráðuneytið getur bundið almenna heimild samkvæmt 2. mgr. skilyrðum sem við kunna að eiga hverju sinni.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur til iðngreina sem framleiða iðnaðarvörur er tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987, svo og iðngreina sem framleiða iðnaðarvörur í 25.—99. kafla í toll-

skránni, sem tollar hafa verið felldir niður af samkvæmt viðauka I í tollalögum, án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði nefndra fríverslunarsamninga. Skipasmíðar skulu teljast til samkeppnisiðnaðar í þessu sambandi.

11. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

12. gr.

Fyrirtækjum sem fengið hafa vörur undanþegar gjöldum samkvæmt auglýsingu þessari er eingöngu heimilt að nota þær til eigin framleiðslu. Óski þau eftir að afhenda þær eða selja öðrum skulu þau áður en afhending eða sala fer fram greiða gjöld að fullu hjá tollstjóra af efnivörum samkvæmt því tollafgreiðslugengi sem í gildi er á þeim tíma, en af söluverði ef um notaðar vélar eða tæki er að ræða.

13. gr.

Iðnfyrirtæki sem njóta eftirgjafar gjalda samkvæmt reglum þessum svo og fyrirtæki sem selt hafa iðnfyrirtækjum vörur án söluskatts samkvæmt 6. gr. skulu halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar njóta samkvæmt þeim aðgreindum í bókhaldi sínu sem tollstjórar skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Skulu þau veita tollstjóra upplýsingar um notkun varanna sé þess óskað.

Komi í ljós við rannsókn tollstjóra á bókhaldi fyrirtækis að það hafi misnotað ívilnanir sem því hafa verið veittar samkvæmt auglýsingu þessari eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða getur tollstjóri hafnað beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt henni meðan málið er í athugun.

Jafnframt skal fyrirtækið að kröfu tollstjóra þegar greiða að fullu aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi.

14. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 126. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

16. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 13. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, 7. gr. laga nr. 97 31. desember 1987 um vörugjald og 3. tl. 7. gr. laga nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 1 5. janúar 1988 um breyting á þeim til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 39 26. janúar 1987 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.